



## Aðalfundarboð

### Aðalfundur Samtaka um söguferðabjónustu 2017 verður haldinn á Hótel Framtíð Djúpavogi, 1. apríl

Stjórn Samtaka um söguferðabjónustu boðar til aðalfundar samtakanna á Hótel Framtíð, Djúpavogi laugardaginn 1. apríl kl. 9.00. Gögn fundarins er hægt að nálgast á heimasíðu samtakanna [soguslodir.wordpress.com](http://soguslodir.wordpress.com). Dagskrá fundarins skv. samþykktum:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna.
3. Afgreiðsla reikninga.
4. Lagabreytingar. (*engar fyrirliggjandi*)
5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

#### Tillögur stjórnar samtakanna vegna 6. dagskrárliðar, ákvörðunar árgjalds:

##### 1. Tillaga um árgjald 2017:

Á síðasta aðalfundi SSF var samþykkt að veltutengja árgjald samtakanna hafa þrjá gjaldflokka og innifalið í árgjaldi fyrir fulla aðild sé eftirfarandi:

- grunnskráning á vefinn [sagatrail.is](http://sagatrail.is) / [soguslodir.is](http://soguslodir.is)
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF

Árgjald 2017	Full aðild	Aukaaðild (75%)
Gjaldflokkur 1 (ársvelta allt að 10 m.kr.)	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 mkr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

**Einstaklingar með aukaaðild greiði 6.000 kr.**

##### 2. Tillaga um kynningargjald:

Í þeim tilgangi að fjölga þeim sem greiða kynningargjald og efla slagkraft markaðsstarfsins leggur stjórn samtakanna til að gjaldið verði **90.000 kr. árið 2017**. Og að innifalið í kynningargjaldi sé eftirfarandi:

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni (nýtt kort útg. vor 2017)
- afsláttur á auglýsingum
  - hjá samstarfsaðilum SSF
  - í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF
- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. TripAdvisor og Google Maps